

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 105, 25. febrúar 1987.

Íðnaðarráðuneytið, 19. júní 1987.

F.h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

a. að Akureyrarkaupstaður og Öngulsstaða-, Saurbæjar-, Hrafnagils-, Glæsibæjar-, Öxnadals-, Skriðu-, Arnarnes- og Grímseyjarhreppar í Eyjafjarðarsýslu skuli hafa samstarf um almannavarnir og veita gagnkvæma aðstoð, og

b. að Dalvíkurkaupstaður og Svarfaðardals-, Árskógs- og Hríseyjarhreppar í Eyjafjarðarsýslu skuli hafa samstarf um almannavarnir og veita gagnkvæma aðstoð.

Þetta tilkynnist hér með þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. júní 1987.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 516 23. desember 1986 um þungaskatt.

1. gr.

2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skráning og/eða umskráning bifreiða skal ekki fara fram nema skráningargjald og vátryggingariðgjald ökumanns hafi áður verið greitt af bifreiðinni til næstu áramóta, svo og gjaldfallinn þungaskattur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 11. júní 1987.

F.h.r.

Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.